

**Nd.**

## **64. Tillaga**

til þingsályktunar um húsmanna-málið.

Flutningsmaður: Skúli Thoroddsen.

Neðri deild Alþingis ályktar, að skora á ráðherra Íslands:

1. að útvega sem allra gleggstar skýrslur um lánsstofnanir, húsmanna-stjettinni til handa, sem og um styrk- og lánveitingar ýmiskonar, sem vant er, að veita húsmanna-fjelögum — eða mönnum nefndrar stjettar —, í þeim löndum, þar sem kjörum húsmanna-stjettarinnar mest er farið að sinna, — og leggja skýrslurnar síðan fyrir næsta Alþingi til yfirvegunar.
2. að útvega ennfremur, og leggja fyrir næsta Alþingi, sem allra gleggstar skýrslur um alt, er að húsmannalöggjöfinni lýtur, í þeim löndum, þar sem hún er fullkomnust, eða húsmönnunum, og þá og þjóðfjelaginu í heild sinni, hagkvæmust.
3. að leggja síðan fyrir næsta Alþingi frumvarp til laga, um skipun milliþinganeftdar, til að ihuga, og gera tillögur um, heppilega lagasetningu, til eflingar efnalega sjálfstæðri, og vel mannaðri, húsmanna- (og þurrabúðar- og grasbýla-) stjett í landinu.